

Aðgerðaáætlun – Umhverfið

Undirmarkmið stoðar	Aðgerðir	Lýsing á aðgerð - þetta eru tillögur frá starfsmönnum
Efling hringrásarhagkerfisins og lágmörkun úrgangs.	1.1.1. Nýta nýju baggavélina til að bæta flokkun og meðhöndlun úrgangs.	Hefja baggavinnslu á pappír og plasti. Síðan þróa áætlun með Hringrás um baggavinnslu á blönduðum úrgangi (tímalína, prófanir o.fl.).
	1.1.2. Gera heildargreiningu á úrgangi úr starfsemi sveitarfélagsins og koma með tillögur til að minnka hann.	Kortleggja alla úrgangsstrauma frá fasteignum sveitarfélagsins, greina „fljótlegar lausnir“ til að draga úr einnota vörum og leggja til breytingar á innkaupum, til dæmis minni umbúðir.
	1.1.3. Tryggja að í starfsemi sveitarfélagsins sé ávallt verið að flokka úrgang.	Bjóða upp á fræðslu, leiðbeiningar og áminningar fyrir starfsfólk.
	1.1.4. Stuðningur til aðgerða sem efla hringrásarhagkerfið.	Koma á fót sérstökum styrkjum sem veitt verða árlega.

Ábyrgari auðlindanýting	1.2.1. Orkunýtnivæðing fasteigna sveitarfélagsins.	Gera orkuúttekt á öllum fasteignum í eigu sveitarfélagsins (skólar, sundlaug, stjórnsýsluhús o.fl.). Setja framkvæmdaáætlun til að draga úr orkunotkun, t.d. með betri einangrun, skipti yfir í LED-lýsingu og uppsetningu snjallstýringa. (Hluti af Evrópuverkefni um orkunýtingu).
	1.2.2. Orkuskipti í bíla- og tækjaflota sveitarfélagsins.	Setja skýra áætlun um að allar nýjar bifreiðar og tæki í eigu sveitarfélagsins verði knúin rafmagni eða annarri vistvænni orku. Gera úttekt á núverandi flota og forgangsraða endurnýjun.
	1.2.3. Gerð og innleiðing grænnar innkaupastefnu.	Skapa formlega stefnu sem tryggir að við öll innkaup sveitarfélagsins (vörur, þjónusta, verktaka) sé tekið tillit til umhverfispátta. Þetta getur falið í sér kröfur um umhverfisvottanir, lágmörkun umbúða og val á endingargóðum vörum.

Verndun og efling náttúru, líffræðilegrar fjölbreytni og útivistargæða	1.3.1. Áætlun um upprætingu ágengra tegunda og endurheimt vistkerfa.	Setja fram markvissa áætlun til að berjast gegn ágengum plöntutegundum (s.s. lúpínu og skógarkerfli) á landi sveitarfélagsins. Samhliða því verði unnið að endurheimt náttúrulegra gróðurlenda. Þetta er mjög metnaðarfullt fyrir sveitarfélagið. Tillaga: byrja á kortlagningu eða vöktun ágengra tegunda, leita fjármögnunar- eða samstarfstækifæra. Samstarf við skóla eða náttúruverndarfélög um smærri tilraunaverkefni við útrýmingu.
	1.3.2. Uppbygging og viðhald göngu-, hjóla- og útivistarstíga.	Bæta merkingar, viðhald og uppbyggingu á stígakerfi sveitarfélagsins til að hvetja til vistvænna ferðamáta og auka útivistargæði fyrir íbúa. Tengja saman hverfi og lykilstaði með öruggum og aðlaðandi stígum.
	1.3.3. Áætlun um nýtingu opinna svæða til dvalar og útivistar.	Opin svæði skoðuð í heild. Skoða nýtingarmöguleika og útbúa framkvæmdaáætlun til að tryggja fjölbreytileika.
Öruggt, hreint og heilnæmt umhverfi	1.4.1. Gerð langtímaáætlunar um endurbætur á fráveitukerfinu.	Gera úttekt á ástandi fráveitukerfisins og setja fram fjármagnaða áætlun til næstu 10-15 ára um nauðsynlegar endurbætur og uppbyggingu, með áherslu á að auka hreinsun og draga úr yfirfalli.

	1.4.2. Verndun vatnsbóla og yfirborðsvatns.	Setja reglur um starfsemi vatnsveitunnar og tryggja virkt eftirlit.
	1.4.3. Eftirlit og aðgerðir gegn sjónrænni mengun og rusli.	Koma á fót formlegu verkferli fyrir ábendingar um rusl og umhverfisslys. Efla eftirlit á hafnarsvæðum og iðnaðarlóðum og skipuleggja árlega hreinsunardaga í samstarfi við íbúa, skóla og fyrirtæki. Auk þess skal gera ráð fyrir fjárhagsáætlun til reglulegrar hreinsunar á bænum af til þess ætluðu starfsfólki.
	1.4.4. Gerð heildstæðrar öryggis- og umferðaröryggisáætlunar og innleiðingáætlunar hennar	Gerð nýrrar heildstæðrar öryggis- og umferðaröryggisáætlunar sem greinir áhættur og tekur á umferðaröryggi (t.d. hraðahindrunum, merkingum og gangbrautum) og öðrum öryggispáttum (t.d. lýsingu á gönguleiðum, öryggi leiksvæða og fræðslu um slysavarnir).
Sjálfbær skipulags- og mannvirkjagerð	1.5.1. Innleiðing vistvænna byggingarstaðla.	Við hönnun allra nýbygginga og meiriháttar endurbóta á vegum sveitarfélagsins skal leggja mat á virði og ávinning viðurkenndra umhverfissvottunarkerfa (s.s. BREEAM eða Svanurinn) fyrir viðkomandi verkefni. Hvetja og veita einkaaðilum ráðgjöf um hvernig meta megir þörf og ávinning slíkra kerfa.

	1.5.2. Innkaupareglur fyrir framkvæmdaraðila með umhverfissjónarmið að leiðarljósi.	Búa til innkaupareglur og verklag fyrir framkvæmdaraðila með það að leiðarljósi að umhverfissjónarmið séu samþætt í allt ákvarðanaferli. Nýjar reglur skulu tryggja að val á vörum, þjónustu og verktökum byggi á mati á lífsferli, kolefnisspori og annarri umhverfisframmistöðu.
	1.5.3. Efling blágrænna ofanvatnslausna.	Í stað hefðbundinna niðurfalla og lagna verði gerð krafa í deiliskipulagi, þar sem hægt er, um að nýta náttúrulegar lausnir til að meðhöndla ofanvatn, s.s. með opnum grænum svæðum, regnbeðum og gegndræpu yfirborði. Þetta dregur úr álagi á fráveitukerfi og eykur lífríki.
	1.5.4. Stuðla að þéttingu byggðar og blandaðri landnotkun.	Í skipulagsákvörðunum verði lögð áhersla á að nýta betur þegar byggð svæði og stuðla að þróun þar sem íbúðir, þjónusta og atvinnustarfsemi blandast saman. Þetta dregur úr þörf fyrir akstur og eflir verslun og þjónustu í nærumhverfi.

	1.5.5. Ábyrg nýting innviða og lands	Að hámarka nýtingu innviða og lands við skipulagningu nýrra svæða með það að markmiði að draga úr kostnaði, lágmarka umhverfissröskun og stuðla að skilvirkri uppbyggingu hverfa. Land er takmörkuð og dýrmæt auðlind. Skilvirk skipulagning tryggir að stærra hlutfall landsins sé nýtt í eiginlega uppbyggingu hverfa og almenningsrými í stað umfangsmikilla, ónýtttra innviðabelta. Þessi nálgun eykur samfélagslega nýtingu á landinu. Með því að draga úr umfangi innviðauppbyggingar náum við fram verulegri lágmarkun á jarðraski. Þetta hefur í för með sér lægri framkvæmdakostnað fyrir sveitarfélagið, minni flutningskostnað og verulega minni losun gróðurhúsalofttegunda sem fylgir jarðvinnu.
--	--------------------------------------	--